Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Þingsályktun, skýrsla, skeyti, o.fl.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Alþingismaður – Ritstjóri – Landhelgisdeilan – Helgi Hallvarðsson, v.s. Ægi 7. júlí 1958 – Tillaga að veiðartakmörkunum – Þingsályktanir um landhelgismál, 7. janúar og 5. maí, 1959

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

I. Vestfjarðasvæðið (21° 30′ v.l.- Bjargtangar)

| Erlendir togarar. | Ísl. togarar. Núg.reglur |
|---|---|
| 1. Á tímabilinu 16.okt.-31. maí verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum, 2. Á tímabilinu 1.júní - 15. okt. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum. | 12 mílur allt árið. |

II. Breiðafjörður (Bjargtangar - 65° n.br.)

| | |
|---|---|
| 1. Á tímabilinu 1. jan.- 31. marz verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum. 2. Á tímabilinu 1. apríl - 15. okt. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum. 3. Á tímabilinu 15. okt.- 31. des. gildi 12 mílna mörkin. | Veiðar leyfðar inn að 4 mílna mörkum á tímabilinu 16. maí- 15. okt. suður að Skálasnaga Snæfellsnesi (64°51′3n.br) |

III. 65°n.br. suður fyrir Reykjanes að 22°52′ v.l. (Faxaflói)

| | |
|---|---|
| 1. Á tímabilinu 1. jan.- 31. marz verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum. 2. Á tímabilinu 16. maí- 31. des. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum 3. Á tímabilinu 1. apríl - 15. maí gildi 12 mílna mörkin. | Veiðar leyfðar inn að 4 mílna mörkum á tímabilinu 16. maí- 31. des. |

IV. 22° 52′v.l. - 20° v.l. (Reykjanes-Háfadjúp)

| | |
|---|---|
| 1. Allt árið verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum, að 21° 15′3 v.l. og þaðan á mjókkandi belti austur að 21°v.l. 2. Á tímabilinu 16. maí-31. des. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum, austur að 20°v.l. (Háfadjúp) | Veiðar leyfðar allt árið á þessu sama svæði, að 8 mílna mörkum. Ennfremur eru leyfðar veiðar að 4 mílna mörkum á öllu svæðinu, á tímabilinu 16. mái- 31. des. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Erlendir togarar. | Ísl. togarar. Núg. reglur |
|---|---|
| **V. 20° v. l. - Ingólfshöfði.** | |
| Allt árið verði leyfðar veiðar að 8 (6) mílna mörkum. | Veiðar leyfðar allt árið að 4 mílna mörkum á svæðinu 20° v.l. að Kötlutanga en að 6 mílna mörkum þaðan að Ingólfshöfða, en inn að 4 mílna mörkum á tímabilinu 16. maí- 31.des |
| **VI. Ingólfshöfði- Hvítingar.** | |
| 1. Á tímabilinu 1. jan.- 31. marz verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum. | |
| 2. Á tímabilinu 1. apríl- 15. maí gildi 12 mílna mörkin. | Veiðar leyfðar á þessu svæði inn að 4 mílna mörkum á tímabilinu 16. maí- 31. des. |
| 3. Á tímabilinu 16. maí- 31. des. verði veiðar leyfðar inn að 8 (6) mílna mörkum. | |
| **VII. Hvítingar- Ósfles (Suðurmörk Héraðsflóa)** | |
| 1. Á tímabilinu 1. sept.- 31. des. verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum. | |
| 2. Á tímabilinu 1. júlí- 31. ág. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum. | Veiðar leyfðar á þessu svæði inn að 4 mílna mörkum á tímabilinu 1. des. - 30. apríl. |
| 3. Á tímabilinu 1. apríl- 30. júní gildi 12 mílna mörkin. | |
| 4. Á tímabilinu 1. jan.- 31. marz verði leyfðar veiðar að 8 (6) mílna mörkum. | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Erlendir togarar | Ísl. togarar. Núg. reglur. |
|---|---|
| **VIII. Ósfles- 21°20'v.l. (Norðurland/Norðausturland)** | |
| 1. Á tímabilinu 1. apríl- 30. nóv. verði lokað út að 24 (20) mílna mörkum. | Veiðar leyfðar á öllu svæðinu inn að 8 mílna mörkum allt árið. |
| 2. Á tímabilinu 1. des.- 31. marz verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum. | |
| **IX. Kolbeinsey.** | |
| Allt árið gildi 12 mílna mörkin. | Veiðar leyfðar að 8 mílna mörkum allt árið. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Svæði | 12 mílur | 8 (6) mílur | 24 (20) mílur |
|---|---|---|---|
| I. Vestfirðir (21°30' v.l.-Bjargtangar) | - | Júní-15. okt. | 16. okt.-31. maí |
| II. Breiðafjörður (Bjargtangar-65° n.br.) | 16. okt.-31. des. | 1. apr.-15. okt. | 1. jan.-31. marz |
| III. Faxaflóasvæði (65° n.br.-22°52' v.l.) | 1. apr.-15. maí | 16. maí-31. des. | 1. jan.-31. marz |
| IV. Reykjanes-Háfadjúp | | | |
| 1. (22°51' v.l.-21° v.l.) | - | 1. jan.-31. des. | - |
| 2. (21° v.l.-20° v.l.) | 1. jan.-15. maí | 16. maí-31. des. | - |
| V. 20° v.l. - Ingólfshöfði | - | 1. jan.- 31. des. | - |
| VI. Ingólfshöfði-Hvítingar | 1. apr.-15. maí | 16. maí-31. des. | 1. jan.-31. marz |
| VII. Hvítingar-Ósfles | 1. apr.-30. júní | 1. júlí-31. ág.<br>1. jan.-31. marz | 1. sept.-31. des. |
| VIII. Ósfles-21°20' v.l. (Norðurland) | - | 1. des.-31. marz | 1. apr.-30. nóv. |
| IX. Kolbeinsey | 1. jan.-31. des. | - | - |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Hugsanlegar reglur snerti ekki togveiðar eða dragnótaveiðar íslenzkra skipa nema þar sem reglurnar kynnu að leiða til frekari opnunnar fyrir togveiðum en núgildandi reglur gera ráð fyrir og skulu þá hinar nýju reglur einnig ná til íslenzkra skipa.
2. Skilyrði fyrir samningi um veiðisvæði skal vera að jafnhliða takist samningar um verndarsvæði fyrir föst veiðafæri (línu og net) þar sem það teldist nauðsynlegt á svæðum sem annars væru opin fyrir togveiðar og ennfremur um bætur fyrir tjón á föstum veiðafærum af völdum togara.
3. Opnun veiðisvæða fyrir togveiðar innan 12 mílna skal bundin við skip að ákveðinni hámarkstærð.
4. Verksmiðjuskipum svo og skipum sem veiða í samvinnu við móðurskip skulu óheimilaðar veiðar á opnum svæðum innan 12 mílna. Sama skal gilda um fiskveiðar með hverskonar raftækni (electrical fishing).

| | |
|---|---|
| 8 (6) mílna mörkum, að 21° 15'3 v.l. og þaðan á mjókkandi belti austur að 21° v.l. | á þessu sama svæði, að 8 mílna mörkum. Ennfremur |
| 2. Á tímabilinu 16. maí-31. des. verði leyfðar veiðar inn að 8 (6) mílna mörkum, austur að 20° v.l. (Háfadjúp) | eru leyfðar veiðar að 4 mílna mörkum á öllu svæðinu, á tímabilinu 16. mái- 31. des. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

v.s. Ægir 7.júlí 1958.

Sæll og blessaður.

Mig langar til að biðja þig að líta yfir þessa grein mína, um landhelgisgæzluna, og birta hana í Morgunblaðinu, ef það væri möguleiki og þér findist hún þess verð. Gef ég þér fullkomna heimild til hverskonar breytingar á henni, er þér findist hún þurfa við.
Eins og sakir standa er ég að leysa af sem 1.stýrim. á Ægi, við höfum verið í síldarleit síðan fyrir mánaðarmót, og ekki búist við að við komum til Reykjavíkur fyrr en um miðjan ágúst. Af þeim orsökum sendi ég þér greinina, og vona að þú afsakir.
Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þér fyrir þá miklu velvild sem þú hefur sýnt í minn garð, og láta þig jafnframt vita að ég er reiðubúin, hvenær sem er, að vinna í þágu flokksins, eða þín persónulega, og vona að ég geti, fyrr eða síðar, sínt þér þakklæti mitt í öðru en orðum.

Með kærri kveðju.

Helgi Hallvarðsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Morgunblaðið

AUSTURSTRÆTI 8 – SÍMI 1600
PÓSTHÓLF 697

REYKJAVÍK, 3. júní 1958.

Góði vinur,

Beztu þakkir fyrir bréfið um daginn og erindið. Vona að þú hafir fengið skeytið frá mér þarna suður eftir.

Sendi hérmeð dönsku þýðinguna, sem ég vænti að hafi tekizt vel hj´a Ágúst Sigurðssyni magister. Hann sagðist hafa þýtt fyrir þig áður.

Héðan allt sæmilegt. Stjórnin var eins og þú hefur sennilega frett rétt sprungin fyrir rúmri viku síðan út úr landhelgismálinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á nú að heita gengin aftur. En miklar væringar eru með mönnum og flokkum innan hennar. Guðmundur og Lúðvík lentu í snörpum deilum í eldhúsumræðum, sem stóðu yfir í gærkvöldi og halda áfram í kvöld. Emil hefur sagt flokkksskrifstofu sinni að vera viðbúin kosningum í sumar eða haust. Hver niðurstaðan verður er ekki gott að fullyrða um. Ætli stjórnin loði þó ekki saman eitthvað áfram.

Hér á blaðinu er allt með felldu. Bið kærlega að heilsa konu þinni.

Með beztu kveðju
Þinn einl.

[signature]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Þingsályktun

**um landhelgismál.**

---

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. maí 1959.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Þingsályktun

**um eflingu landhelgisgæzlunnar og aukna vernd íslenzkra fiskiskipa.**

---

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flýta svo sem unnt er — í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar — ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæzlunni, svo að auðið verði að veita fiskiskipaflotanum vernd, þannig að bægt verði, svo sem kostur er, frá íslenzkum sjómönnum, skipum þeirra og veiðarfærum þeirri hættu, sem átökin við Breta í fiskveiðalandhelginni kunna að hafa í för með sér.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. janúar 1959.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur